

Frumvarp stjórnlagaráðs

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Umsögn og athugasemdir lögfræðihópsins

Ábendingar lögfræðingahópsins

Lagt fram 29. júlí 2011

Frumvarsamhljóða drögum lögfræðingahóps

141. löggjafarþing 2012–2013. Þingskjal 510 — 415. mál.

Aðfaraorð.	Aðfaraorð.	
1. mgr.	1. mgr.	
Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.	Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.	
2. mgr.	2. mgr.	
Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.	Ísland er frjálst og fullvalda réttarríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.	Því er slegið föstu í aðfaraorðum að Ísland sé réttarríki til að grunngildin sem þar eru talin endurspegli inntakið í frumvarpinu.
3. mgr.	3. mgr.	
Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.	Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.	
4. mgr.	4. mgr.	
Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.	Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.	
5. mgr.	5. mgr.	
Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða.	Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða.	
I. KAFLI Undirstöður.	I. KAFLI Undirstöður.	
1. gr.	1. gr.	
<i>Stjórnarform.</i>	<i>Stjórnarform.</i>	
1. gr., 1. mgr.	1. gr., 1. mgr.	
Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn.	Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn.	
2. gr.	2. gr.	
<i>Handhafar ríkisvalds.</i>	<i>Uppspretta ríkisvalds og handhafar þess.</i>	
	2. gr., 1. mgr.	
	Allt ríkisvald sprettur frá þjóðinni og beirir hún því annað hvort beint eða fyrir milligöngu handhafa þess.	Tekið er fram að allt ríkisvald spretti frá þjóðinni og að hún beiti því annað hvort beint eða fyrir milligöngu handhafa þess.
2. gr., 1. mgr.	2. gr., 2. mgr.	
Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.	Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.	
2. gr., 2. mgr.	2. gr., 3. mgr.	
Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.	Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.	Í 2. gr. frumvarpsins segir að forseti Íslands fari með framkvæmdarvaldið ásamt ráðherrum, hlutdeild forseta í löggjafarvaldi. Vert væri að fara vel yfir hvort þær breytingar sem gerðar eru á meðferð löggjafarvalds réttlæti í raun þessa breytingu á 2. gr. sbr. t.d. 60. gr. þar sem segir að forseti Íslands staðfesti frumvarp til laga.
2. gr., 3. mgr.	2. gr., 4. mgr.	
Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.	Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.	

3. gr.		
Yfirráðasvæði.		
3. gr., 1. mgr.		
Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.	Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.	
4. gr.		
Ríkisborgararéttur.		
4. gr., 1. mgr.		
Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.	Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem við fæðingu eiga foreldri með íslenskt ríkisfang, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.	Mikilvægt er að áréttu að stjórnarskrárákvæðið sjálf veitir ekki ríkisborgararéttinn heldur rétt til hans sem síðan er ákveðinn með lögum þar sem nánar eru útfærður reglur um hvernig menn öðlist ríkisborgararétt, en þær eru í lögum um íslenskan ríkisborgararétt nokkuð margvíslegar.
4. gr., 2. mgr.		
Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.	Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann á eða öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki.	Breyting á ákvæði um ríkisborgararétt þannig að hann sé ekki útvíkkadur umfram það sem ætla má að stjórnlagaráð hafi haft í huga.
Til viðbótar við tiltekna lagfæringar á 4. gr. frumvarpsins á grundvelli umboðs hópsins er lagt til að metið verði hvort ekki sé rétt að bæta því fororði við rétt manna til að vera ekkisviptir íslensku ríkisfangi að þeir hafi öðlast það með lögum hætti. Slík viðbót væri ísamræmi við þróun á þessu sviði á alþjóðavettvangi (flestar ríki Evrópuráðsins hafa t.d. slíkaheimild í stjórnarskrá eða lögum) og til að koma í veg fyrir að stjórnarskrá banni að ríkisfang sé tekið af þeim sem gætu hafa öðlast ríkisfang t.d. á grundvelli falsaðra gagna, eða með öðrum ólögum hætti.		
4. gr., 3. mgr.		
Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.	Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.	Fært yfir í 26. gr.
5. gr.		
Skyldur borgaranna.		
5. gr., 1. mgr.		
Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.	Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.	
5. gr., 2. mgr.		
Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða.	Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög skyldur og réttindi sem af henni leiða. Einkaaðilar skulu, eftir því sem við á, virða þau réttindi sem kveðið er á um í II. kafla.	Sérfræðinganefndin segir viðbótina í smræmi við meintan vilja stjórnlagaráðs.
Skýringar stjórnlagaráðs með 5. og 9. gr. voru frekar óljósar varðandi þá spurningu hvort ráðið legði einungis til óbein einkaréttaráhrif eða hvort það legði einnig til bein einkaréttaráhrif. Skýr texti 2. mgr. 5. gr. leiðir þó til þeirrar ályktunar að mannréttindaákvæðin muni hafa bein einkaréttaráhrif, enda er það í samræmi við áhrif sambærilegra ákvæða í erlendum rétti, auk þess sem þegar má greina ákveðinn vísni að slíkum áhrifum í íslenskum stjórnskipunarrétti. Hin beinu einkaréttaráhrif vegna nokkuð upp á móti þeirri hættu á auknum á málsóknum á hendur ríkinu sem leiðir af óbeinum einkaréttaráhrifum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Aftur á móti fela þau í sér að stigið er stórt skref í þá átt að þurrka út að meira eða minna leyti skil einkaréttar og opinbers réttar á sviði mannréttindamála. Þótt gera verði ráð fyrir að hin beinu einkaréttaráhrif eigi sér aðeins stað í þeim undantekningartilvikum þegar eyður eru í landsrétti hvað varðar réttindi einkaaðila í lögskiptum innbyrðis, má engu að síður ætla að þessi breyting geti haft veruleg áhrif á ýmsum réttarsviðum. Þau áhrif hafa ekki verið metin með skipulögðum hætti, hvorki af stjórnlagaráði né sérfræðingahópnum.		

II. KAFLI Mannréttindi og náttúra.	II. KAFLI Mannréttindi og náttúra.	
6. gr.	6. gr.	
<i>Jafnræði.</i>	<i>Jafnræði.</i>	
6. gr., 1. mgr.	6. gr., 1. mgr.	
Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnálagengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.	Öll erum við jöfn Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnálagengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.	Sagt breytt til samræmis og hefðbundið lagamáli.
6. gr., 2. mgr.	6. gr., 2. mgr.	
Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.	Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.	
7. gr.	7. gr.	
<i>Réttur til lífs.</i>	<i>Réttur til lífs.</i>	
7. gr., 1. mgr.	7. gr., 1. mgr.	
Allir hafa meðfæddan rétt til lífs.	Allir hafa meðfæddan rétt til lífs.	
8. gr.	8. gr.	
<i>Mannleg reisin.</i>	<i>Mannleg reisin.</i>	
8. gr., 1. mgr.	8. gr., 1. mgr.	
Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisin. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.	Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisin. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.	
9. gr.	9. gr.	
<i>Vernð réttinda.</i>	<i>Vernð réttinda.</i>	
9. gr., 1. mgr.	9. gr., 1. mgr.	
Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra.	Yfirvöldum Stjórnvöldum ber ætíð að vernda borgarana almenning gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra.	Lagatæknileg breyting
	9. gr., 2. mgr.	
	Mannréttindi tryggð með stjórnarskrá þessari má því aðeins skerða að það sé gert með lagaheimild í þágu almannahagsmuna eða til verndar réttindum annarra svo sem samræmist lýðræðishefðum. Gæta skal meðalhófs og þess að ekki sé með takmörkuninni vegið að kjarna þeirra réttinda sem um ræðir. Réttindi samkvæmt 7. gr., 1. málsl. 8. gr., 27. gr., 2. og 3. mgr. 28. gr., 29. gr. og 30. gr. má þó aldrei skerða á grundvelli þessa ákvæðis.	Sérfræðinganefnið vill sameina þessi ákvæði og telur þetta tryggara svona.
10. gr.	10. gr.	
<i>Mannhelgi.</i>	Mannhelgi. Vernð gegn ofbeldi.	
10. gr., 1. mgr.	10. gr., 1. mgr.	
Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.	Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.	Orðið "mannhelgi" sagt hafa aðra merkingu í lagamáli.
11. gr.	11. gr.	
<i>Friðhelgi einkalífs.</i>	<i>Friðhelgi einkalífs.</i>	
11. gr., 1. mgr.	11. gr., 1. mgr.	
Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.	Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.	
11. gr., 2. mgr.	11. gr., 2. mgr.	
Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjólum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.	Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjólum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.	
11. gr., 3. mgr.	11. gr., 3. mgr.	
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.	Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.	Sjá 2. mgr. 9. gr.

12. gr.		12. gr.	
<i>Réttur barna.</i>		<i>Réttur barna.</i>	
12. gr., 1. mgr.		12. gr., 1. mgr.	
Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.	Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.		
12. gr., 2. mgr.		12. gr., 2. mgr.	
Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar.	Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar.		
12. gr., 3. mgr.		12. gr., 3. mgr.	
Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.	Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.		
13. gr.		13. gr.	
<i>Eignarréttur.</i>		<i>Eignarréttur.</i>	
13. gr., 1. mgr.		13. gr., 1. mgr.	
Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.	Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.		
13. gr., 2. mgr.		13. gr., 2. mgr.	
Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög.	Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög.	Í samræmi við þá lagatæknilegu leið sem farin er í frumvarpi þessu að kveða með almennum hætti á um takmarkanir mannréttinda í 2. mgr. 9. gr. og halda ekki í sérákvæði nema þau setji strangari skilyrði sem þar koma fram, er tillaga Stjórnlagaráðs að 2. mgr. felld niður. Í því felast ekki efnisbreytingar frá gildandi rétti en eins og stjórnlagaráð bendir á fylgja eignarrétti ýmsar almennar skyldur og takmarkanir. Þeim takmörkunum eru þó, til samræmis við skuldbindingu Íslands samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Íslands, settar sömu skorður og öðrum takmörkunum mannréttinda. Um þær gilda því öll skilyrði 2. mgr. 9. gr. frumvarps þessa, en nokkuð skorti á að tillaga Stjórnlagaráðs væri nægilega skýr að þessu leyti.	
14. gr.		14. gr.	
<i>Skoðana- og tjáningarfrelsi.</i>		<i>Tjáningar- og upplýsingafrelsi.</i>	
14. gr., 1. mgr.		14. gr., 1. mgr.	
Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar.	Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar. Öllum er frjálst að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum.	Ákvæði um tjáningar- og upplýsingafrelsi, upplýsingarétt og frelsi fjölmiðla hafa auk þess verið lagfærð þannig að þau séu í betra innbyrðis samræmi og ekki komi til skörunar efnisþátta.	
14. gr., 2. mgr.		14. gr., 2. mgr.	
<i>14. gr., 2. mgr., 1. másl.</i>			
Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. ...	Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða en ábyrgjast verða menn tjáningu sína lögum samkvæmt.		

14. gr., 2. mgr., 2. másl.	14. gr., 2. mgr., 2. másl.	
... Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.	... Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.	Bent er á að sú tillaga stjórnlagaráðs að kveða í 2. ml. 3. mgr. 14. gr. á um að úrlausn dómara þurfi ávallt til þess að skerða aðgang að netinu og upplýsingatekni gengur óþarflega langt miðað við nánast allar aðrar takmarkanir mannréttinda sem ekki eru sjálfkrafa háðar dómsúrlausnum. Jafnframt vísa sérfræðingarnir enn og aftur í nýja 2. mgr. 9. gr.
14. gr., 3. mgr.	14. gr., 3. mgr.	
Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatekni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við tjáningarfrelsi.	Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatekni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við tjáningarfrelsi.	Líkt og áður greinir voru ákvæði um opna og frjálsa umræðu og aðgang að netinu við lagateknilega skoðun á tillögum stjórnlagaráðs færð í 16. gr. þar sem þau eiga frekar efnislega samstöðu með fjömiðlafrelsi.
14. gr., 4. mgr.	14. gr., 4. mgr.	
Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir dómi.	Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir dómi.	Sagt flutt í 1. másl. 2. mgr.
15. gr.	15. gr.	
Upplýsingaréttur.	Upplýsingaréttur.	
15. gr., 1. mgr.	15. gr., 1. mgr.	
Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.	Allir hafa rétt til aðgangs að opinberum gögnum.	Hið brottfellda sagt fært í 1. mgr. 14. gr.
15. gr., 2. mgr.	15. gr., 2. mgr.	
Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum.	Meðferð opinbers valds og hagsmuna skal vera gegnsæ og skal halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum.	Sagt markvissara orðalag.
15. gr., 3. mgr.	15. gr., 3. mgr.	
Upplýsingar og gögn í förum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandráttar og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.	Í því skyni að auðvelda almenningi upplýsingaleit, skal skrá yfir mál og opinber gögn, uppruna þeirra og innihald, vera aðgengileg eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Taka skal afstöðu til upplýsingabeidna eins skjótt og auðið er og skal sýnjun um aðgang rökstudd. Í lögum skal kveða á um hvenær hömlur á aðgangi að tilteknum flokkum gagna falla niður og skal sá tímafrestur ekki vera lengri en nauðsyn krefur. Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita eðlileg starfsskilyrði opinberra aðila.	Sagt að 3. og 4. mgr. séu sameinaðar.
15. gr., 4. mgr.	15. gr., 4. mgr.	
Söfnun, miðun og afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita eðlileg starfsskilyrði stjórnvalda.		
15. gr., 5. mgr.	15. gr., 4. mgr.	
Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.	Í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga er eingöngu heimilt að leggja á þagnarskyldu um upplýsingar á grundvelli laga enda sé það nauðsynlegt til verndar lögmætum opinberum eða einkahagsmunum. Undir þagnarskyldu falla ekki upplýsingar um lögbrot í starfsemi stjórnvalda.	Sagður hluti umröðunar efnis.

16. gr.		16. gr.	
Frelsi fjölmiðla.		Frjáls og upplýst þjóðfélagsumræða.	
16. gr., 1. mgr.		16. gr., 1. mgr.	
Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.	Tryggja skal með lögum frelsi og sjálfstæði fjölmiðla.	Orðalagsbreytingin sögð í samræmi við alþjóðlega samninga.	
16. gr., 2. mgr.		16. gr., 2. mgr.	
Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.	Trúnaðarsamband blaðamanna við heimildarmenn skal njóta verndar í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði. Tryggja skal fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun, gagnsæi eignarhalds og aðstæður að öðru leyti sem stuðla að frjálsri og upplýstri þjóðfélagsumræðu.	Að því er varðar vernd blaðamanna er ekki fullljóst hvaða þættir nákvæmlega ættu að falla þar undir því starf þeirra er það fjölbreytt. Er því lagt til að fella niður beina tilvísun í blaðamenn að þessu leyti enda mundi frelsi þeirra til starfa falla undir frelsi fjölmiðla almennt, samkvæmt 1. mgr.	
17. gr.		17. gr.	
Frelsi menningar og mennta.		Frelsi menningar og mennta.	
17. gr., 1. mgr.		17. gr., 1. mgr.	
Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista.	Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista.		
18. gr.		18. gr.	
Trúfrelsi.		Trú- og sannfæringsfrelsi.	
		Ákvæði núgildandi stjórnarskrár um þjóðkirkju eru tekin óbreytt upp í frumvarpið í samræmi við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar	
18. gr., 1. mgr.		18. gr., 1. mgr.	
Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.	Öllum skal tryggður réttur til trúar, og lífsskoðunar og sannfæringar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.	Viðbót sögð vegna alþjóðasamninga.	
18. gr., 2. mgr.		18. gr., 2. mgr.	
Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi.	Öllum er frjálst að iðka trú eða lífsskoðun, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi.	Viðbót sögð vegna alþjóðasamninga.	
18. gr., 3. mgr.		18. gr., 3. mgr.	
Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.			
19. gr.		19. gr.	
Kirkjuskipan.		Kirkjuskipun.	
19. gr., 1. mgr.		19. gr., 1. mgr.	
Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins.	Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.	Óbreytt úr gildandi stjkskr. Sagt í samræmi við þjóðaratkv.gr. 20. okt. 2012.	
		19. gr., 2. mgr.	
		Breyta má þessu með lögum.	
19. gr., 2. mgr.		19. gr., 3. mgr.	
Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.	Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 2. mgr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.		
20. gr.		20. gr.	
Félagafrelsi.		Félagafrelsi.	
20. gr., 1. mgr.		20. gr., 1. mgr.	
Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.	Öllum skal tryggður réttur til að stofna mynda félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.	Sagt útvíkka réttinn?	
20. gr., 2. mgr.		20. gr., 2. mgr.	
Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.	Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.	Hið brottfellda sagt fært í 2. mgr. 9. gr.	

21. gr.	21. gr.	
<i>Fundafrelsi.</i>	<i>Fundafrelsi.</i>	
21. gr., 1. mgr.	21. gr., 1. mgr.	
Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.	Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.	Hið brottfellda sagt fært í 2. mgr. 9. gr.
22. gr.	22. gr.	
<i>Félagsleg réttindi.</i>	<i>Félagsleg réttindi.</i>	
22. gr., 1. mgr.	22. gr., 1. mgr.	
Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.	Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.	
22. gr., 2. mgr.	22. gr., 2. mgr.	
Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.	Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.	
23. gr.	23. gr.	
<i>Heilbrigðisþjónusta.</i>	<i>Heilsa- og heilbrigðisþjónusta.</i>	
23. gr., 1. mgr.	23. gr., 1. mgr.	
Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.	Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.	
23. gr., 2. mgr.	23. gr., 2. mgr.	
Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.	Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.	
24. gr.	24. gr.	
<i>Menntun.</i>	<i>Menntun.</i>	
24. gr., 1. mgr.	24. gr., 1. mgr.	
Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.	Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.	
24. gr., 2. mgr.	24. gr., 2. mgr.	
Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds.	Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds.	
24. gr., 3. mgr.	24. gr., 3. mgr.	
Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og skyldur.	Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og skyldur.	
25. gr.	25. gr.	
<i>Atvinnufrelsi.</i>	<i>Atvinnufrelsi.</i>	
25. gr., 1. mgr.	25. gr., 1. mgr.	
Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skörður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.	Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skörður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.	Hið brottfellda sagt fært í 2. mgr. 9. gr.
25. gr., 2. mgr.	25. gr., 2. mgr.	
Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnna launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.	Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnna launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.	
26. gr.	26. gr.	
<i>Dvalarréttur og ferðafrelsi.</i>	<i>Dvalarréttur og ferðafrelsi.</i>	
26. gr., 1. mgr.	26. gr., 1. mgr.	
Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.	Allir, sem dveljast löglega í landinu , skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.	Sagt rétt að halda því úr núv. stsjkr. sem hér er innfellt. Hið brottfellda sagt fært í 2. mgr. 9. gr., en hefði þurft að lagfæra hvort eð er.

26. gr., 2. mgr.	26. gr., 2. mgr.	
Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.	Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.	
26. gr., 3. mgr.	26. gr., 3. mgr.	
Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar.	Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. Með lögum skal einnig kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda sem gætu átt á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma.	Löng rök eru færð!
27. gr.	27. gr.	
<i>Frelsisvipting.</i>	<i>Frelsisvipting.</i>	
27. gr., 1. mgr.	27. gr., 1. mgr.	
Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.	Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum eftir sakfellingu fyrir dómi eða vegna annarra refsivörsluástanda, réttarvörslu, barnaverndar, verndar gegn útbreiðslu smitsjúkdóma, geðraskana, áfengis- eða eiturfjafknar, landamæragæslu og framsals sakamanna.	Sérfræðingarnir telja nauðsynlegt að skerpa undanþáguákvæðin frá gildandi stjksr.
27. gr., 2. mgr.	27. gr., 2. mgr.	
Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.	Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.	
27. gr., 3. mgr.	27. gr., 3. mgr.	
Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.	Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.	Í 27. gr. er ráðgerð sú breyting frá núverandi 67. gr. að fella niður heimild til að láta sakborning lausan gegn tryggingu. Um rökinn fyrir því vísar stjórnlagaráð til óskýrrar réttarstöðu þar sem þessari heimild hefur aldrei verið beitt og hættu á því að hún mismuni á grundvelli efnahags. Bent er á að við endurskoðun sakamálagaga 2008 var tekin rökstudd afstaða til þess að heimildin skyldi halda sér í almennum lögum og orðalagi hennar breytt til að laga hana að nútímaaðstæðum, sbr. 101. gr. sakamálagaga.
27. gr., 4. mgr.	27. gr., 4. mgr.	
Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.	Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.	
27. gr., 5. mgr.	27. gr., 5. mgr.	
Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.	Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.	
28. gr.	28. gr.	
<i>Réttlát málsmeðferð.</i>	<i>Réttlát málsmeðferð.</i>	
28. gr., 1. mgr.	28. gr., 1. mgr.	
Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.	Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.	Hið brottfelda sagt komið í margumrædda 2. mgr. 9. gr.
28. gr., 2. mgr.	28. gr., 2. mgr.	
Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.	Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.	

28. gr., 3. mgr.			
	Enginn skal eiga á hættu að sæta opinberri málsmeðferð eða refsingu að nýju fyrir sama brot innan lögsögu ríkisins og hann hefur þegar verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af með endanlegri úrlausn samkvæmt lögum. Endurupptaka mála er þó heimil í samræmi við lög.	Vísað í mannréttindasáttmála Evrópu.	
29. gr.		29. gr.	
<i>Bann við ómannúðlegri meðferð.</i>		<i>Bann við ómannúðlegri meðferð.</i>	
29. gr., 1. mgr.		29. gr., 1. mgr.	
Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.	Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.		
29. gr., 2. mgr.		29. gr., 2. mgr.	
Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.	Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.		
29. gr., 3. mgr.		29. gr., 3. mgr.	
Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.	Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.		
30. gr.		30. gr.	
<i>Bann við afturvirkni refsingar.</i>		<i>Bann við afturvirkni refsingar refsíðkvæða.</i>	
30. gr., 1. mgr.		30. gr., 1. mgr.	
Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.	Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.		
31. gr.		31. gr.	
<i>Bann við herskyldu.</i>		<i>Bann við herskyldu.</i>	
31. gr., 1. mgr.		31. gr., 1. mgr.	
Herskyldu má aldrei í lög leiða.	Herskyldu má aldrei í lög leiða.		
32. gr.		32. gr.	
<i>Menningarverðmæti.</i>		<i>Menningarverðmæti.</i>	
32. gr., 1. mgr.		32. gr., 1. mgr.	
Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.	Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða varanlegra afnota, selja eða veðsetja. Fjalla skal um dýrmætar þjóðareignir í lögum.	Lagasætning sögð nauðsynleg.	
33. gr.		33. gr.	
<i>Náttúra Íslands og umhverfi.</i>		<i>Náttúra Íslands og umhverfi.</i>	
33. gr., 1. mgr.		33. gr., 1. mgr.	
Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.	Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda. Í því felst að fjölbreytni lands og lífríkis sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð viðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir fongum.	Flutningur milli 1. og 2. gr. sagður til bóta.	
33. gr., 2. mgr.		33. gr., 2. mgr.	
Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómengðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð viðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir fongum.	Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómengðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð viðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir fongum.	Flutningur milli 1. og 2. gr. sagður til bóta.	
33. gr., 3. mgr.		33. gr., 3. mgr.	
Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.	Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.		
33. gr., 4. mgr.		33. gr., 4. mgr.	
Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.	Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.		

34. gr.	34. gr.	
Náttúruauðlindir.	Náttúruauðlindir.	
34. gr., 1. mgr.	34. gr., 1. mgr.	
Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.	Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu háðar einkaeignarrétti, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, þær eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.	Einkaeignarréttur sagt eðlilegra hugtak.
34. gr., 2. mgr.	34. gr., 2. mgr.	
Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan Íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.	Til auðlinda í þjóðareign Til þjóðareignar samkvæmt 1. mgr. teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, og aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan Íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. utan netlaga, vatn og önnur þau náttúrugæði sem ekki eru háð einkaeignarrétti, svo sem vatnsafl, jarðhiti og jarðefni í þjóðlendum. Í eignarlöndum takmarkast réttur eigenda til auðlinda undir yfirborði jarðar við venjulega hagnýtingu fasteignar.	Ítrarleg skýrin gefin.
34. gr., 3. mgr.	34. gr., 3. mgr.	
Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.	Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.	
34. gr., 4. mgr.	34. gr., 4. mgr.	
Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallans forræðis yfir auðlindunum.	Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða sem og annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallans forræðis. yfir auðlindunum.	Sagt skýrara orðalag.
35. gr.	35. gr.	
Upplýsingar um umhverfi og málsaðild.	Upplýsingar um umhverfi og málsaðild.	
35. gr., 1. mgr.	35. gr., 1. mgr.	
Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.	Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.	
35. gr., 2. mgr.	35. gr., 2. mgr.	
Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.	Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.	Innskotið sagt vísa til dómahefðar.
35. gr., 3. mgr.	35. gr., 3. mgr.	
Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar.	Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar.	

Í 34. gr. frumvarpsins er fjallað um að stjórnvöld geti veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda gegn „fullu gjaldi“ en í skýringum stjórnlagaráðs við ákvæðið virðist í þessu sambandi einkum miðað við fiskveiðiheilmildir en ekki almennt við möguleika á gjaldtöku fyrir nýtingu annarra auðlinda sem lýstar eru þjóðareign. Ljóst er að eðli máls samkvæmt eiga ekki sjálfkrafa sömu lögmál við á öllum sviðum þegar kemur að gjaldtöku fyrir nýtingu auðlinda. Gjaldtöku þarf að laga að eðli viðkomandi auðlindar. Í hagfræðilegu sambandi hefur verið litið svo á að ákvæðið samspil sé á milli gjaldtöku og nýtingartíma viðkomandi auðlindar. Þannig eru t.d. sumar auðlindir örugglega endurnýjanlegar en aðrar ekki og útfærslur þessara þátta í almennti löggjöf þurfa að taka mið af því svo tryggð sé eðlileg hlutdeild í hagnaði af nýtingu viðkomandi auðlindar hverju nafni sem hún nefnist. Þar sem stjórnlagaráð vísar til eignarnáms við afmörkun á hugtakinu „fullt gjald“ verður að geta þess að eignarnámsbætur eru bætur fyrir missi eignar, en ekki gjald vegna nýtingar hennar eða hlutdeild í arði þar af.

36. gr.	36. gr.	
<i>Dýravernd.</i>	<i>Dýravernd.</i>	
36. gr., 1. mgr.	36. gr., 1. mgr.	
Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu.	Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu.	
III. KAFLI	III. KAFLI	
Alþingi.	Alþingi.	
37. gr.	37. gr.	
<i>Hlutverk.</i>	<i>Hlutverk.</i>	
37. gr., 1. mgr.	37. gr., 1. mgr.	
Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.	Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum.	
38. gr.	38. gr.	
<i>Friðhelgi.</i>	<i>Friðhelgi.</i>	
38. gr., 1. mgr.	38. gr., 1. mgr.	
Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.	Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.	
39. gr.	39. gr.	
<i>Alþingiskosningar.</i>	<i>Alþingiskosningar.</i>	
39. gr., 1. mgr.	39. gr., 1. mgr.	
Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.	Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.	
39. gr., 2. mgr.	39. gr., 2. mgr.	
Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.	Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.	
39. gr., 3. mgr.	39. gr., 3. mgr.	
Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.	Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi, þau skulu flest vera átta.	Breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.
39. gr., 4. mgr.	39. gr., 4. mgr.	
Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samfimis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka.	Stjórnmalasamtökum skal heimilt að bjóða fram kjördæmislista og landslista. Frambjóðandi má vera á landslista og kjördæmislista sömu samtaka.	Breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.
39. gr., 5. mgr.	39. gr., 5. mgr.	
Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka.	Kjósandi skal geta valið frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi og af landslistum. Kjósi hann heldur lista hefur hann valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er í lögum að einskorða valið við lista sömu samtaka.	Breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.
		Hópurinn bendir á að tillögur stjórnlagaráðs í 39. gr. ganga langt í að opna fyrir persónukjör sem meginreglu og mun takmarka möguleika flokka til að ráða sínum málum, t.d. raða frambjóðendum á lista. Rétt væri að meta betur áhrif þessara breytinga sem og annarra breytinga sem lagðar eru til á fyrirkomulagi kosninga til Alþingis.

39. gr., 6. mgr.	39. gr., 6. mgr.		
Þingsætur skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu.	Þingsætur skal úthluta til stjórnálagatölu í sem fyllstu samræmi við atkvæði greidd listum og frambjóðendum samtakanna.	Breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.	Í núgildandi stjórnarskrá er kveðið á um að þau stjórnálagatölu komi ein til álitu við úthlutun svokallaðra jöfnunarþingsæta sem hlotið hafa a.m.k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu. Frumvarpið (39. gr.) felur í sér bann við að slíkir þróskuldar séu settir í kosningalög við úthlutun þingsæta. Hópurinn telur rétt að vekja athygli Alþingis á að breytingin er til þess fallin að auðvelda frambjóðendum smærri stjórnálagatölu að ná kjöri á þing. Af þessum sökum kann að verða erfiðara að mynda ríkisstjórnir sem njóta stuðnings stöðugs meirihluta á Alþingi. Lýðræðissjórnarmið mæla vissulega með því að fjöldi kjörinna þingmanna stjórnálagaflokks endurspegli sem best heildarhlutfall kjósenda sem greiði viðkomandi flokki atkvæði sitt. Aftur á móti hefur verið viðurkennt að heimilt sé að hafa lágmarksþróskulda til að auðvelda myndun starfshæfs meirihluta á þingi. Vert er einnig að benda á að þetta á ekki síður við vegna þess að frumvarpið gerir ráð fyrir aukinni samvinnu innan þings og minni átaka en verið hafi.
39. gr., 7. mgr.	39. gr., 7. mgr.		
Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætur skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.	Úthluta skal þingsætur til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.	Breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.	
39. gr., 8. mgr.	39. gr., 8. mgr.		
Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.	Binda má allt að þrjátíu þingsæti við kjördæmi. Þó skulu kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti ekki vera færri en eru að meðaltali að baki hverju þingsæti á landinu.	Breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.	
39. gr., 9. mgr.	39. gr., 9. mgr.		
Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.	Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.	Breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.	
39. gr., 10. mgr.	39. gr., 10. mgr.		
<i>39. gr., 10. mgr., 1. málsl.</i>	<i>39. gr., 10. mgr., 1. málsl.</i>		
Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. ...	Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. ...	Ekki skýrt út.	
<i>39. gr., 10. mgr., 2. málsl.</i>	<i>39. gr., 10. mgr., 2. málsl.</i>		
... Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra.	... Slíkar lagabreytingar öðlast ekki gildi fyrir en sex mánuðir eru liðnir frá setningu þeirra.	Ekki skýrt út.	
	39. gr., 11. mgr.		
	Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum.	Breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.	
40. gr.	40. gr.		
<i>Kjörtímabil.</i>	<i>Kjörtímabil.</i>		
40. gr., 1. mgr.	40. gr., 1. mgr.		
Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.	Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.		
40. gr., 2. mgr.	40. gr., 2. mgr.		
Kjörtímabil er fjögur ár.	Kjörtímabil er fjögur ár.		
40. gr., 3. mgr.	40. gr., 3. mgr.		
Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.	Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.		

41. gr.	41. gr.	
<i>Kosningaréttur.</i>	<i>Kosningaréttur.</i>	
41. gr., 1. mgr.	41. gr., 1. mgr.	
Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.	Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.	
41. gr., 2. mgr.	41. gr., 2. mgr.	
Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum.	Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum.	Breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.
42. gr.	42. gr.	
<i>Kjörgengi.</i>	<i>Kjörgengi.</i>	
42. gr., 1. mgr.	42. gr., 1. mgr.	
Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.	Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.	
42. gr., 2. mgr.	42. gr., 2. mgr.	
Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.	Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.	
42. gr., 3. mgr.	42. gr., 3. mgr.	
Glati alþingismaður kjörgengi missir hann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á þingi.	Glati alþingismaður kjörgengi missir hann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á þingi.	
43. gr.	43. gr.	
<i>Gildi kosninga.</i>	<i>Gildi kosninga.</i>	
43. gr., 1. mgr.	43. gr., 1. mgr.	
Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna.	Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna.	
43. gr., 2. mgr.	43. gr., 2. mgr.	
Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum.	Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum.	
43. gr., 3. mgr.	43. gr., 3. mgr.	
Úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla.	Úrskurðum landskjörstjórnar um gildi forsetakosningar og kosninga til Alþingis er heimilt að skjóta til Hæstaréttar Íslands eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Öðrum úrskurðum landskjörstjórnar verður skotið til dómstóla eftir almennum reglum.	Kærumeðferð vegna þingkosninga og forsetakosninga ... einfölduð
44. gr.	44. gr.	
<i>Starfstími.</i>	<i>Starfstími.</i>	
44. gr., 1. mgr.	44. gr., 1. mgr.	
Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.	Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.	
44. gr., 2. mgr.	44. gr., 2. mgr.	
Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing.	Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing.	
45. gr.	45. gr.	
<i>Samkomustaður.</i>	<i>Samkomustaður.</i>	
45. gr., 1. mgr.	45. gr., 1. mgr.	
Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað.	Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað.	

46. gr.	46. gr.		
<i>Þingsetning.</i>	<i>Þingsetning.</i>		
46. gr., 1. mgr.	46. gr., 1. mgr.		
Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.	Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.		Hópurinn bendir á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir formlegri aðkomu forseta að tilteknum athöfnum án þess að útfært sé hvað gerist ef hann lætur undir höfuð leggjast að veita atbeina. Þetta á t.d. við um ákvæði frumvarpsins um þingsetningu og þingrof (46. og 73. gr.).
46. gr., 2. mgr.	46. gr., 2. mgr.		
Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða 1/3 hluta þingmanna.	Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða 1/3 hluta fjórðungs þingmanna.	Ákvæði um rétt minnihluta þingmanna hafa verið samræmd. Auk þess vísað í tilmæli Evrópuráðsins.	
47. gr.	47. gr.		
<i>Eiðstafur alþingismanna.</i>	<i>Eiðstafur alþingismanna.</i>		
47. gr., 1. mgr.	47. gr., 1. mgr.		
Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild.	Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild.		
48. gr.	48. gr.		
<i>Sjálfstæði alþingismanna.</i>	<i>Sjálfstæði alþingismanna.</i>		
48. gr., 1. mgr.	48. gr., 1. mgr.		
Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.	Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum.		
49. gr.	49. gr.		
<i>Fríðhelgi alþingismanna.</i>	<i>Fríðhelgi alþingismanna.</i>		
49. gr., 1. mgr.	49. gr., 1. mgr.		
Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.	Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.		
49. gr., 2. mgr.	49. gr., 2. mgr.		
Alþingismaður verður ekki krafinn reikningssskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.	Alþingismaður Hvorki alþingismaður né ráðherra verður ekki krafinn reikningssskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.	Sagt að stjórnlagráð hafi gleymt ráðherrunum, en þeir hafa líka málsrétt á Alþingi.	
49. gr., 3. mgr.	49. gr., 3. mgr.		
Alþingismanni er heimilt að afsala sér fríðhelgi.	Alþingismanni og ráðherra er heimilt að afsala sér fríðhelgi skv. 1. og 2. mgr.	Sagt að stjórnlagráð hafi gleymt ráðherrunum, en þeir hafa líka málsrétt á Alþingi.	
50. gr.	50. gr.		
<i>Hagsmunaskráning og vanhæfi.</i>	<i>Hagsmunaskráning og vanhæfi.</i>		
50. gr., 1. mgr.	50. gr., 1. mgr.		
Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.	Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal nánar mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.	Skýringar ekki séðar.	Varðandi 50. gr. um vanhæfi þingmanna er vert að skoða betur hvort gerður sé nægilega skýr greinarmunur á stöðu þingmanna og starfsfólks stjórnslunnar. Skýringar stjórnlagaráðs taka mjög mið af hæfisreglum stjórnslulaga, sem ekki er sjálfgefið að eigi við með sama hætti um þingmenn.
50. gr., 2. mgr.	50. gr., 2. mgr.		
Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.	Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.		
51. gr.	51. gr.		
<i>Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra.</i>	<i>Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra.</i>		
51. gr., 1. mgr.	51. gr., 1. mgr.		
Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmalasamtaka, svo og um fjármál frambjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu.	Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmalasamtaka, svo og um fjármál frambjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu.		
51. gr., 2. mgr.	51. gr., 2. mgr.		
Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.	Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.	Löggjafanum veitt svigrúm með brottfalli orðsins.	

52. gr.	52. gr.	
<i>Þingforseti.</i>	<i>Þingforseti.</i>	
52. gr., 1. mgr.	52. gr., 1. mgr.	
Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Síti forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.	Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Síti forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.	
52. gr., 2. mgr.	52. gr., 2. mgr.	
Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum.	Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum.	
52. gr., 3. mgr.	52. gr., 3. mgr.	
Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.	Kjörinn forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.	Ákvæðið er óbreytt frá tillögu stjórnlagaráðs að öðru leyti en því að í frumvarpinu er áreitað að sú regla að forseti Alþingis láti af almennum þingstörfum eigi einungis við um kjörinn forseta en ekki þann sem stýrir fundum þingsins þar til kjör fer fram.
53. gr.	53. gr.	
<i>Þingsköp.</i>	<i>Þingsköp.</i>	
53. gr., 1. mgr.	53. gr., 1. mgr.	
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.	Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.	
54. gr.	54. gr.	
<i>Þingnefndir.</i>	<i>Þingnefndir.</i>	
54. gr., 1. mgr.	54. gr., 1. mgr.	
Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál.	Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál.	
54. gr., 2. mgr.	54. gr., 2. mgr.	
Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.	Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.	
55. gr.	55. gr.	
<i>Opnir fundir.</i>	<i>Opnir fundir.</i>	
55. gr., 1. mgr.	55. gr., 1. mgr.	
Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.	Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.	Í tengslum við 55. gr. þá þyrfti að skoða hvort sérstakar aðstæður eins og alvarleg millirikjæðila geti ekki réttlætt lokaðan þingfund.
55. gr., 2. mgr.	55. gr., 2. mgr.	
Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opin almenningi.	Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opin almenningi.	
56. gr.	56. gr.	
<i>Flutningur þingmála.</i>	<i>Flutningur þingmála.</i>	
56. gr., 1. mgr.	56. gr., 1. mgr.	
Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.	Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.	
56. gr., 2. mgr.	56. gr., 2. mgr.	
Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórn hefur samþykkt.	Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórn hefur samþykkt.	
57. gr.	57. gr.	
<i>Meðferð lagafrumvarpa.</i>	<i>Meðferð lagafrumvarpa.</i>	
57. gr., 1. mgr.	57. gr., 1. mgr.	
Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda.	Málsmeðferð þingmála breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.	Í 57. gr. er gert ráð fyrir því að umræðum um lagafrumvörp sé fækkað úr þremur í tvær. Í ljósi þess að valkosti í bréfi stjórnlagaráðs 11. mars um að frumvörp fari ekki til nefndar fyrir 1. umræðu, hefði þurft að endurskoða þessa tillögu með hliðsjón af markmiði stjórnlagaráðs um vandaða lagasetningu.

57. gr., 2. mgr.	57. gr., 2. mgr.	
Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.	Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.	
57. gr., 3. mgr.	57. gr., 1. mgr.	
Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi.	Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi.	Umröðun mgr. ekki skýrð.
57. gr., 4. mgr.	57. gr., 3. mgr.	
Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils.	Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils.	
58. gr.	58. gr.	
<i>Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála</i>	<i>Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála</i>	
58. gr., 1. mgr.	58. gr., 1. mgr.	
Þingsályktunartillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á Alþingi.		Málsmeðferð þingmála breytt í samræmi við valkost í bréfi stjórnlagaráðs frá 11. mars 2012.
58. gr., 2. mgr.	58. gr., 1. mgr.	
Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.	Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.	
58. gr., 3. mgr.	58. gr., 2. mgr.	
Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.	Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.	
58. gr., 4. mgr.	58. gr., 3. mgr.	
Tillögur um þingrof eða vantraust á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.	Tillögur um þingrof eða vantraust á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.	
58. gr., 5. mgr.	58. gr., 4. mgr.	
Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.	Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.	
59. gr.	59. gr.	
<i>Ályktunarbærni.</i>	<i>Ályktunarbærni.</i>	
59. gr., 1. mgr.	59. gr., 1. mgr.	
Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.	Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.	
60. gr.	60. gr.	
<i>Staðfesting laga.</i>	<i>Staðfesting laga.</i>	
60. gr., 1. mgr.	60. gr., 1. mgr.	
Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi.	Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til laga undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi.	Leiðrétting.
60. gr., 2. mgr.	60. gr., 2. mgr.	
Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en innan þriggja mánaða skal bera lög in undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Einfaldur meirihluti ræður hvort lög in halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lög in úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.	Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en innan þriggja mánaða skal bera lög in undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Einfaldur meirihluti ræður hvort lög in halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lög in úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.	Hópurinn telur í þessu sambandi að skoða mætti hvort rétt sé að fela þjóðkjörnum forseta verkefni sem gefi honum frekari kost á að hafa áhrif á löggjöf án þess að þau hafi jafn afdrifaríkar afleiðingar eins og málskot til kjósenda. Mætti í þessu samhengi nefna þann möguleika að forseti gæti vísað frumvarpi samþykktu af Alþingi til Lögréttu, þegar vafi er uppi um samræmi við stjórnarskrá og þjóðréttarskuldbindingar, enda hæfa slík álitafni illa til þjóðaratkvæðagreiðslna.
61. gr.	61. gr.	
<i>Birting laga.</i>	<i>Birting laga.</i>	
61. gr., 1. mgr.	61. gr., 1. mgr.	
Birta skal lög stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með þvingjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum.	Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei ekki beita með þvingjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Óbirt lög binda þó stjórnvöld frá gildistöku þeirra. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum.	Ákvæði um birtingu laga breytt þannig að betur samræmist vilja stjórnlagaráðs.

62. gr.		62. gr.	
Lögrétta		Lögrétta	
62. gr., 1. mgr.		62. gr., 1. mgr.	
Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára.		Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára.	
62. gr., 2. mgr.		62. gr., 2. mgr.	
Þingnefnd eða 1/5 hluti alþingismanna getur óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.		Þingnefnd eða 1/5 hluti fjórðungur alþingismanna getur óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.	Ákvæði um rétt minnihluta þingmanna hafa verið samræmd. Auk þess vísað í tilmæli Evrópuráðsins.
62. gr., 3. mgr.		62. gr., 3. mgr.	
Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.		Um stöf Lögréttu skal nánar mælt fyrir í lögum.	Breyting sögð í samræmi við ætlan stjórnlagaráðs.
63. gr.		63. gr.	
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.		Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.	
63. gr., 1. mgr.		63. gr., 1. mgr.	
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnýsly þeirra eftir því sem hún telur efni til. Nefndinni er skylt að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna.		Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnýsly þeirra eftir því sem hún telur efni til. Nefndinni er skylt að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs fjórðungs þingmanna.	Ákvæði um rétt minnihluta þingmanna hafa verið samræmd. Auk þess vísað í tilmæli Evrópuráðsins.
64. gr.		64. gr.	
Rannsóknarnefndir.		Rannsóknarnefndir.	
64. gr., 1. mgr.		64. gr., 1. mgr.	
Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.		Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.	
64. gr., 2. mgr.		64. gr., 2. mgr.	
Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.		Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum.	
65. gr.		65. gr.	
Málskot til þjóðarinnar.		Málskot til þjóðarinnar.	
65. gr., 1. mgr.		65. gr., 1. mgr.	
Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.		Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.	
65. gr., 2. mgr.		65. gr., 2. mgr.	
Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram.		Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram.	
66. gr.		66. gr.	
Þingmál að frumkvæði kjósenda.		Þingmál að frumkvæði kjósenda.	
66. gr., 1. mgr.		66. gr., 1. mgr.	
Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.		Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál frumvarp til laga eða tillögu til þingsályktunar á Alþingi.	Hvorki í texta ákvæðisins né í skýringum stjórnlagaráðs var að finna nánari skýringu á hugtakinu „þingmál“ en af skýringum þess við ákvæðið verður ráðið að meiningin hafi verið sú að láta 1. mgr. 66. gr. taka til lagafrumvarpa og tillagna til þingsályktana.

66. gr., 2. mgr. **66. gr., 2. mgr.**

Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagnstillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi.

Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagnstillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi.

Rétt væri að meta betur áhrif þess að auka möguleika almennings til að koma þingmálum á framfæri og knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um þau, sbr. 66. gr. Útfærslan og samspil þings og forsvarsmanna þjóðarfrumkvæðis er ekki að öllu leyti skýr. Hópurinn vill í þessu sambengi vísa til álits Fenejarnefndarinnar á finnsku stjórnarskránni (CDL-AD(2008)010). Þar var bent á að Norðurlöndin búa við stöðugleika í stjórnskipan en þjóðaratkvæðagreiðslur hafa að sama skapi verið fátíðar. Skynsamlegt sé að fara varlega í breytingar í þessu efni (sjá efnisgrein 30 í álit Fenejarnefndarinnar). Þótt sumt í tillögu stjórnlagaráðs sé skylt fyrirkomulagi í öðrum lýðræðisríkjum, eins og t.d. Sviss, er ljóst að þar er allt annars konar stjórnkerfi en hér á landi, sem m.a. hefur mótast af þeim reglum sem gilda um þátttöku almennings. Þar í landi er til dæmis ekki hefðbundið þingræði þar sem minnihlutinn veitir meirihlutanum aðhald heldur eiga allir helstu stjórnsmálaflokkar jafnan fulltrúa í ríkisstjórn og aðhald almennings því knýjandi.

66. gr., 3. mgr. **66. gr., 3. mgr.**

Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.

Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.

67. gr. **67. gr.**

Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.

Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.

67. gr., 1. mgr. **67. gr., 1. mgr.**

67. gr., 1. mgr., 1. málsl.

67. gr., 1. mgr., 1. málsl.

Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. ...

Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. ...

67. gr., 1. mgr., 2. málsl. o.s.frv. *67. gr., 1. mgr., 2. málsl. o.s.frv.*

... Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáráukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr.

... Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáráukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr.

67. gr., 2. mgr. **67. gr., 2. mgr.**

Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.

Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, ~~tímalengd~~ **tímafrest** til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis, svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.

Leiðrétting.

68. gr. **68. gr.**

Frumvarp til fjárlaga.

Frumvarp til fjárlaga.

68. gr., 1. mgr. **68. gr., 1. mgr.**

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar ~~er~~ það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer. Skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

Leiðrétting.

69. gr.	69. gr.	
<i>Greiðsluheimildir.</i>	<i>Greiðsluheimildir.</i>	
69. gr., 1. mgr.	69. gr., 1. mgr.	
Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum. Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.		
69. gr., 2. mgr.	69. gr., 2. mgr.	
Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjárukalögum.	Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármála- ráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjárukalögum.	Í samræmi við þá meginreglu að nefna ekki einstaka ráðherra.
70. gr.	70. gr.	
<i>Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga.</i>	<i>Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga.</i>	
70. gr., 1. mgr.	70. gr., 1. mgr.	
Fjárlaganefnd Alþingis getur krafíð stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.	Fjárlaganefnd Alþingis getur krafíð stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár.	
71. gr.	71. gr.	
<i>Skattar.</i>	<i>Skattar.</i>	
71. gr., 1. mgr.	71. gr., 1. mgr.	
<i>71. gr., 1. mgr., 1. málsl.</i>	<i>71. gr., 1. mgr., 1. málsl.</i>	
Skattamálum skal skipað með lögum. ...	Skattamálum skal skipað með lögum. ...	
<i>71. gr., 1. mgr., 2. málsl.</i>	<i>71. gr., 1. mgr., 2. málsl.</i>	
... Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum.	... Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum.	
71. gr., 2. mgr.	71. gr., 2. mgr.	
Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.	Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.	
71. gr., 3. mgr.	71. gr., 3. mgr.	
Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.	Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.	
72. gr.	72. gr.	
<i>Eignir og skuldbindingar ríkisins.</i>	<i>Eignir og skuldbindingar ríkisins.</i>	
72. gr., 1. mgr.	72. gr., 1. mgr.	
Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir sem skuldbinda ríkið nema með lögum.	Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir sem skuldbinda ríkið nema með lögum.	
72. gr., 2. mgr.	72. gr., 2. mgr.	
Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.	Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.	
72. gr., 3. mgr.	72. gr., 3. mgr.	
Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.	Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.	
73. gr.	73. gr.	
<i>Þingrof.</i>	<i>Þingrof.</i>	
73. gr., 1. mgr.	73. gr., 1. mgr.	
Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá eft til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.	Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá eft til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá því er forseti gerði kunnugt um þingrofið. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.	Með það fyrir augum að auka skýrleika ákvæðisins er hér áréttað að fresturinn miðist við það þegar forseti Íslands gerir kunnugt um þingrofið.

Hópurinn bendir á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir formlegri aðkomu forseta að tilteknum athöfnum án þess að útfært sé hvað gerist ef hann lætur undir höfuð leggjast að veita atbeina. Þetta á t.d. við um ákvæði frumvarpsins um þingsetningu og þingrof (46. og 73. gr.). Í frumvarpi ráðsins er í 75. gr. kveðið á um að stjórnvöld skuli tilkynna forseta Alþingis ákveði þau að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns Alþingis. Að mati hópsins felur ákvæðið ekki í sér grundvallarreglu sem nauðsynlegt er að taka upp í stjórnarskrá.

74. gr.	74. gr.
<i>Ríkisendurskoðun.</i>	<i>Ríkisendurskoðun.</i>
74. gr., 1. mgr.	74. gr., 1. mgr.
Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.	Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.
74. gr., 2. mgr.	74. gr., 2. mgr.
Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.	Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga.
75. gr.	75. gr.
<i>Umboðsmaður Alþingis.</i>	<i>Umboðsmaður Alþingis.</i>
75. gr., 1. mgr.	75. gr., 1. mgr.
Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsluhætti.	Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsluhætti.
75. gr., 2. mgr.	75. gr., 2. mgr.
Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina.	Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina.
75. gr., 3. mgr.	75. gr., 3. mgr.
Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð fyrrgreindrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds.	Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð fyrrgreindrar Lagatextavenja! tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds samkvæmt 2. mgr.

IV. KAFLI Forseti Íslands.	IV. KAFLI Forseti Íslands.
76. gr.	76. gr.
<i>Embættisheiti og þjóðkjör.</i>	<i>Embættisheiti og þjóðkjör.</i>
76. gr., 1. mgr.	76. gr., 1. mgr.
Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.	Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn.
77. gr.	77. gr.
<i>Kjörgengi.</i>	<i>Kjörgengi.</i>
77. gr., 1. mgr.	77. gr., 1. mgr.
Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára.	Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára.
78. gr.	78. gr.
<i>Forsetakjör.</i>	<i>Forsetakjör.</i>
78. gr., 1. mgr.	78. gr., 1. mgr.
Forseti Íslands er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákvarða með lögum um framboð og kosningu forseta Íslands.	Forseti Íslands er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákvarða með lögum um framboð og kosningu forseta Íslands.

79. gr.		79. gr.	
<i>Kjörtímabil.</i>		<i>Kjörtímabil.</i>	
79. gr., 1. mgr.		79. gr., 1. mgr.	
Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, þegar kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.	Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, þegar kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.		
80. gr.		80. gr.	
<i>Eiðstafur.</i>		<i>Eiðstafur.</i>	
80. gr., 1. mgr.		80. gr., 1. mgr.	
Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar hann tekur við störfum.	Forseti Íslands undirritar svohljóðandi eiðstaf að stjórnarskránni þegar hann tekur við störfum: „Ég undirrit(uð/aður) ... sem kosin(n) er forseti Íslands um kjörtímabil það, er hefst og lýkur ... heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og heiðri að halda stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. “	Eiðstafur forseta er tekinn upp í stjórnarskrá.	
81. gr.		81. gr.	
<i>Starfskjör.</i>		<i>Starfskjör.</i>	
81. gr., 1. mgr.		81. gr., 1. mgr.	
Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans stendur.	Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans stendur. Forseti skipar forsetaritara.	Þykir það eðlilegt til að koma í veg fyrir að sá ráðherra sem fer með málefni forsetaembættisins velji forstöðumann embættisins í andstöðu við forsetann.	
82. gr.		82. gr.	
<i>Staðgengill.</i>		<i>Staðgengill.</i>	
82. gr., 1. mgr.		82. gr., 1. mgr.	
Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.	Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan.		
83. gr.		83. gr.	
<i>Fráfall.</i>		<i>Fráfall.</i>	
83. gr., 1. mgr.		83. gr., 1. mgr.	
Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu hans.	Falli forseti frá, verði varanlega ófær um að gegna starfi eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu hans.	Breyting til samræmis við ákvæði í stjórnarskrám ríkja sem skoðuð voru til samanburðar	
	83. gr., 2. mgr.		
	Alþingi getur krafist þess með 2/3 hlutum atkvæða að Hæstiréttur Íslands skeri úr um hvort skilyrðum ákvæða 82. gr. og 1. mgr. 83. gr. sé fullnægt. Að kröfu forseta Íslands metur Hæstiréttur hvort forseti geti tekið við störfum að nýju vegna þess að skilyrði 82. gr. eigi ekki lengur við.	Umfram það sem fram kemur í frumvarpi stjórnlagaráðs er í frumvarpi þessu kveðið á um í 83. gr. að komi upp ágreiningur um hvort ákvæðið eigi við geti Alþingi vísað honum til Hæstaréttar til úrskurðar. Rétt þykir að til þessa þurfi aukinn meirihluta þingmanna til að koma í veg fyrir misbeitingu þessarar heimildar.	

84. gr.	84. gr.	
Ábyrgð.	Ábyrgð.	
84. gr., 1. mgr.	84. gr., 2. mgr.	
Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.	Forseti Íslands ber lagalega ábyrgð á embættisverkum sínum. Um ábyrgð hans vegna embættisbrota skal nánar mælt fyrir í lögum, en um missi embættis vegna slíkra brota fer eftir 1. mgr. þessarar greinar. Forseti Íslands verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.	Kveðið er á um að mæla skuli fyrir um lagalega ábyrgð forseta í lögum. Sagt vera í samræmi við valkost stjórnlagaráðs frá 8.-11. mars 2012.
		Dá bendir hópurinn á að ákvæði frumvarpsins um lagalega ábyrgð forseta er óvenjulegt í evrópskum samanburði að því leyti að gert er ráð fyrir að almennir dómstólar dæmi um þau mál en ekki sérdómstóll. Þá er óvenjulegt að ekki sé að finna í ákvæðinu heimild til að dæma forseta úr embætti heldur látið við það sitja að byggja á heimild til að víkja honum burt með þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta álitaefni er hins vegar þess eðlis að hópurinn telur það falla utan lagatæknilegs umboðs að taka á því.
84. gr., 2. mgr.	84. gr., 1. mgr.	
Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.	Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi og gegnir forseti ekki störfum frá því að Alþingi gerir samþykkt sína þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.	
85. gr.	85. gr.	
Náðun og sakaruppgjöf.	Náðun og sakaruppgjöf.	
85. gr., 1. mgr.	85. gr., 1. mgr.	
Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.	Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.	
V. KAFLI Ráðherrar og ríkisstjórn.	V. KAFLI Ráðherrar og ríkisstjórn.	
86. gr.	86. gr.	
Ráðherrar.	Ráðherrar.	
86. gr., 1. mgr.	86. gr., 1. mgr.	
Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnarsýslu sem undir þá heyrir.	Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnarsýslu sem undir þá heyrir.	
86. gr., 2. mgr.	86. gr., 2. mgr.	
Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra.	Geti ráðherra ekki fjallað um mál eða sint starfi sínu að öðru leyti vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra staðgöngu. Forsætisráðherra ákveður með reglum fyrirkomulag staðgöngu þurfi hann sjálfur að víkja sæti eða geti ekki gegnt störfum tímabundið.	Kveðið er á um að forsætisráðherra setji reglur um staðgöngu fyrir sitt leyti.
86. gr., 3. mgr.	86. gr., 3. mgr.	
Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár.	Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár.	
87. gr.	87. gr.	
Ríkisstjórn.	Ríkisstjórn.	
87. gr., 1. mgr.	87. gr., 1. mgr.	
Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfundar, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.	Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfundar, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum samhæfir störf ráðherra.	Skýringar finnast ekki.
87. gr., 2. mgr.	87. gr., 2. mgr.	
Ríkisstjórnarfundur skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess.	Ríkisstjórnarfundur skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess.	

87. gr., 3. mgr.	87. gr., 3. mgr.
Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.	Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.
87. gr., 4. mgr.	87. gr., 4. mgr.
Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.	Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.
88. gr.	88. gr.
<i>Hagsmunaskráning og opinber störf.</i>	<i>Hagsmunaskráning og opinber störf.</i>
88. gr., 1. mgr.	88. gr., 1. mgr.
Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu.	Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu.
88. gr., 2. mgr.	88. gr., 2. mgr.
Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.	Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.
89. gr.	89. gr.
<i>Ráðherrar og Alþingi.</i>	<i>Ráðherrar og Alþingi.</i>
89. gr., 1. mgr.	89. gr., 1. mgr.
Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.	Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.
89. gr., 2. mgr.	89. gr., 2. mgr.
Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.	Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.
89. gr., 3. mgr.	89. gr., 3. mgr.
Sé alþingismaður skipaður ráðherra vîkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans.	Sé alþingismaður skipaður ráðherra vîkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans.
90. gr.	90. gr.
<i>Stjórnarmyndun.</i>	<i>Stjórnarmyndun.</i>
90. gr., 1. mgr.	90. gr., 1. mgr.
Alþingi kýs forsætisráðherra.	Alþingi kýs forsætisráðherra.
90. gr., 2. mgr.	90. gr., 2. mgr.
Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokki eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.	Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokki eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.
90. gr., 3. mgr.	90. gr., 3. mgr.
Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.	Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna frá því forsætisráðherra fær lausn frá embætti skal forseti rjúfa Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga í samræmi við 73. gr.
	Til viðbótar við tillögu stjórnlagaráðs er lagt til að skýrt verði tekið fram í 3. mgr. að ferlið við val á forsætisráðherra fari ekki eingöngu af stað í kjölfar þingkosninga heldur einnig þegar forsætisráðherra er veitt lausn enda virðist það hafa verið hugsun stjórnlagaráðs.

Í 90. gr. frumvarpsins er fjallað um myndun ríkisstjórnar og í 91. gr. um vantraust á ráðherra. Í fyrrnefnda ákvæðinu er gert er ráð fyrir að Alþingi kjósi forsætisráðherra en í því síðarnefnda að í tillögu um vantraust á forsætisráðherra verði að felast tillaga um eftirmann 11 hans. Hópurinn telur rétt að benda á að hér er um að ræða róttæka breytingu á núgildandi fyrirkomulagi sem meta þyrfti nánar áhrifin af í samhengi við önnur ákvæði frumvarpsins. Á hinn bóginn mælir það reyndar með þessu fyrirkomulagi við vantraust að það eykur stöðugleika í ríkisstjórn, sbr. reynslu Þjóðverja.

90. gr., 4. mgr.	90. gr., 4. mgr.
Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu.	Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu.

90. gr., 5. mgr.	90. gr., 5. mgr.	
Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.	Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forsætisráðherra skal samhliða skipa aðra ráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. veitir öðrum ráðherrum lausn og skipar í þeirra stað.	Skýring finnst ekki í fljótu bragði.

90. gr., 6. mgr.	90. gr., 6. mgr.
Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti.	Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti.

Stjórnlagaráð leggur til að ríkisráð, sem samkvæmt 16. gr. núgildandi stjórnarskrár er skipað forseta og ráðherrum, verði lagt niður. Að mati hópsins er athugandi að kveðið verði á um samráðsvettvang milli forseta og ríkisstjórnar, t.d. með ákvæði um að forsætisráðherra upplýsi forseta um helstu mál ríkisins sem séu til umfjöllunar. Þá er vakin athygli á því að í frumvarpi stjórnlagaráðs er ekki getið um hlutverk forseta í samskiptum við önnur ríki, sem hefur þó verið eitt hans helsta hlutverk.

91. gr.

91. gr., 1. mgr.	91. gr., 1. mgr.
Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans.	Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans.

91. gr., 2. mgr.	91. gr., 2. mgr.
Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á forsætisráðherra.	Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á forsætisráðherra.

92. gr.

92. gr., 1. mgr.	92. gr., 1. mgr.	
Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.	Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. nýr forsætisráðherra er skipaður. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra.	Textaleiðrétting.

93. gr.

93. gr., 1. mgr.	93. gr., 1. mgr.
Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.	Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.

93. gr., 2. mgr.	93. gr., 2. mgr.
Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.	Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.

93. gr., 3. mgr.	93. gr., 3. mgr.
Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi.	Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi.

94. gr.		94. gr.	
Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis.		Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis.	
94. gr., 1. mgr.		94. gr., 1. mgr.	
Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.	Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.		
94. gr., 2. mgr.		94. gr., 2. mgr.	
Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.	Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.		
95. gr.		95. gr.	
Ráðherraábyrgð.		Ráðherraábyrgð.	
95. gr., 1. mgr.		95. gr., 1. mgr.	
Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.	Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum sem undir þá heyrir. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki lagalega ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.	Vísad til valkosta stjórnlagaráðs frá mars 2012.	Að mati hópsins felur ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 95. gr. frumvarpsins um að ráðherra beri ekki ábyrgð á ákvörðun ríkisstjórnar bóki hann andstöðu í sér fremur formlega nálgun á mati á ábyrgð. Nærtækara virðist að eftirláta dómstólum að meta þennan þátt ásamt fleirum þegar kveðið er á um sekt eða sakleysi ráðherra.
95. gr., 2. mgr.		95. gr., 2. mgr.	
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum.	Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum.		
96. gr.		96. gr.	
Skipun embættismanna.		Skipun embættismanna.	
96. gr., 1. mgr.		96. gr., 1. mgr.	
Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti sem lög mæla.	Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti sem lög mæla.		
96. gr., 2. mgr.		96. gr., 2. mgr.	
Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti.	Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti.		
96. gr., 3. mgr.		96. gr., 3. mgr.	
Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 hlutum atkvæða til að hún taki gildi.	Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 hlutum atkvæða til að hún taki gildi.		
96. gr., 4. mgr.		96. gr., 4. mgr.	
Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 hlutum atkvæða.	Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 hlutum atkvæða.		Í 96. gr. frumvarpsins er fjallað um skipun embættismanna og er gert ráð fyrir að sérstök nefnd fjalli um hæfi umsækjanda um skipun í önnur embætti en dómara og ríkissaksóknara, samkvæmt nánari afmörkun í lögum. Hópurinn bendir á að þarna er gert ráð fyrir einni nefnd en samkvæmt gildandi rétti, er um margar nefndir að ræða, d. við skipun prófessora, samkvæmt lögum um opinbera háskóla, við skipun forstöðumanna heilbrigðisstofnana, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, og við skipun embættismanna í ráðuneytum, skv. lögum um Stjórnarráð Íslands. Varðandi 96. gr. er það í öllu falli afstaða hópsins að betur fari á að löggjafinn hafi meira svigrúm til að ákvarða hvaða háttur sé hafður á mati á hæfni umsækjenda um embætti. Þá telur hópurinn að vandlega þurfi að veita og meta kosti og galla þess að Alþingi sé ljáð hlutverk við skipun dómara og annarra embættismanna. Í því sambandi má m.a. vísa til tilmæla Evrópuráðsins (Recommendation CM/Rec(2010)12 of the Committee of Ministers to member states on judges: independence, efficiency and responsibilities).

96. gr., 5. mgr.	96. gr., 5. mgr.	
Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum.	Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum.	
96. gr., 6. mgr.	96. gr., 6. mgr.	
Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni.	Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara -Krefja má embættismann um og að embættismaður skuli vinna eiðstaf að stjórnarskránni.	Svo virðist sem sérfræðihópnum finnist mikilvægt að orðalagið sé "að vinna" eiðstaf.
97. gr.	97. gr.	
<i>Sjálfstæðar ríkisstofnanir.</i>	<i>Sjálfstæðar ríkisstofnanir.</i>	Með frumvarpinu er undirstofnunum Alþingis, þ.e. embætti umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðun, veitt sérstök stjórnarskrárvernd. Samkvæmt 97. gr. frumvarpsins getur aukinn meirihluti þingsmanna einnig ákveðið að tilteknar stofnanir fái sérstakt sjálfstæði. Starfsemi slíkra stofnana verði ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með samþykki aukins meirihluta alþingismanna. Þótt vel megi fallast á að margar stofnanir hins opinbera gegni mjög mikilvægu hlutverki má spyrja hvort að í ákvæðinu sé ekki of langt gengið við að takmarka svigrúm löggjafans til að stjórna skipulagi stjórnáslunnar.
97. gr., 1. mgr.	97. gr., 1. mgr.	
Í lögum má kveða á um tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi.	Í lögum Með lögum sem samþykkt eru með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi má kveða á um tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi.	Visað til valkosta stjórnlagaráðs frá mars 2012. (Orð sem féllu þar niður færð inn aftur.)
		Hópurinn bendir á að sjónarmið um lýðræði mæla gegn því að aukinn meirihluti þingmanna geti bundið hendur lýðræðislega kjörins meirihluta til framtíðar eins og felst í ákvæðinu (sbr. álit Feneýjanefndarinnar um nýja stjórnarskrá í Ungverjalandi, CDLAD (2011)016, efnisgrein 24). Yrði ákvæðinu beitt gæti minnihluti þingmanna komið í veg fyrir nauðsynlegar kerfisbreytingar innan stjórnáslunnar í því skyni að hindra meirihlutann í að koma stefnumálum sínum til framkvæmdar. Ljóst er að beiting ákvæðisins myndi draga úr möguleikum löggjafans til að bregðast við aðstæðum hverju sinni með því að breyta skipulagi stjórnáslunnar að því leyti sem hún nyti verndar ákvæðisins. Loks skapar ákvæðið álitæfni við mat á því hversu langt einfaldur meirihluti þingmanna getur gengið í lagasetningu sem nýtur verndar samkvæmt ákvæðinu.
VI. KAFLI Dómsvald.	VI. KAFLI Dómsvald.	
98. gr.	98. gr.	
<i>Skipan dómstóla.</i>	<i>Skipan dómstóla -á dómsvaldsins. (Nú 59. gr.)</i>	
98. gr., 1. mgr.	98. gr., 1. mgr.	
Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.	Skipan dómstóla dómsvaldsins , þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.	Ákvæðið er óbreytt frá tillögu stjórnlagaráðs að öðru leyti en því að lagt er til að notað verði hugtakið „dómsvald“ líkt og í 59. gr. núgildandi stjórnarskrár, í stað „dómstóla“. Hugtakið dómsvald er víðtækara og nær m.a. til málsmeðferðarreglna dómstóla. Samkvæmt þessu tæki lagaáskilnaðarregla 98. gr. afdráttarlaust einnig til slíkra reglna.
99. gr.	99. gr.	
<i>Sjálfstæði dómstóla.</i>	<i>Sjálfstæði dómstóla.</i>	
99. gr., 1. mgr.	99. gr., 1. mgr.	
Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.	Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.	
100. gr.	100. gr.	
<i>Lögsaga dómstóla.</i>	<i>Lögsaga dómstóla.</i>	
100. gr., 1. mgr.	100. gr., 1. mgr.	
Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.	Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.	

100. gr., 2. mgr.	100. gr., 2. mgr.	
Dómsstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.	Dómsstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá stjórnskipulegt gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli.	
100. gr., 3. mgr.	100. gr., 3. mgr.	
Dómsstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í brád með því að bera lögmati hennar undir dóm.	Dómsstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í brád með því að bera lögmati hennar undir dóm nema samkvæmt heimild í lögum eða sérstakri ákvörðun stjórnvalds.	Í samræmi við þau sjónarmið sem rakin eru í skýringum stjórnlagaráðs þykir rétt að bæta þeim fyrirvara við ákvæði 3. mgr. að málskot til dómstóla geti frestað réttaráhrifum stjórnvaldsákvörðunar standi lagaheimildir til þess eða ákvörðun stjórnvalds þar að lútandi liggja fyrir.
101. gr.	101. gr.	
<i>Hæstiréttur Íslands.</i>	<i>Hæstiréttur Íslands.</i>	
101. gr., 1. mgr.	101. gr., 1. mgr.	
Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.	Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.	
101. gr., 2. mgr.	101. gr., 2. mgr.	
Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmati vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.	Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmati vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.	Hópurinn vekur athygli á að ákvæðið um sérdómstól, þ.e. félagsdóm, bindur hendur löggjafans þannig að aðrir sérdómstólar verða þá ekki settir á fót. Álitamál er hvort rétt hefði verið að skilja eftir svigrúm fyrir löggjafann til að meta þörfina hverju sinni á sérdómstólum.
102. gr.	102. gr.	
<i>Skipun dómara.</i>	<i>Skipun dómara.</i>	
102. gr., 1. mgr.	102. gr., 1. mgr.	
Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.	Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.	
102. gr., 2. mgr.	102. gr., 2. mgr.	
<i>102. gr., 2. mgr., 1. málsl.</i>	<i>102. gr., 2. mgr., 1. málsl.</i>	
Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. ...	Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. ...	
<i>102. gr., 2. mgr., 2. málsl.</i>	<i>102. gr., 2. mgr., 2. málsl.</i>	
... Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfinu tengjast.	... Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfinu tengjast.	
103. gr.	103. gr.	
<i>Sjálfstæði dómara.</i>	<i>Sjálfstæði dómara dómenda.</i>	
103. gr., 1. mgr.	103. gr., 1. mgr.	
Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.	Dómarar Dóمندur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.	Ákvæðið er óbreytt frá tillögu stjórnlagaráðs að því undanskyldu að ráðið lagði til að notað yrði orðið „dómarar“ í stað „dóمندur“, líkt og gert er í 61. gr. núgildandi stjórnarskrár.
104. gr.	104. gr.	
<i>Ákærvald og ríkissaksóknari.</i>	<i>Ákærvald og ríkissaksóknari.</i>	
104. gr., 1. mgr.	104. gr., 1. mgr.	
Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum.	Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum.	
104. gr., 2. mgr.	104. gr., 2. mgr.	
Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.	Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.	

104. gr., 3. mgr.	104. gr., 3. mgr.	
Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómarrar.	Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómarrar.	
VII. KAFLI Sveitarfélög.	VII. KAFLI Sveitarfélög.	
105. gr.	105. gr.	
<i>Sjálfstæði sveitarfélaga.</i>	<i>Sjálfstæði sveitarfélaga.</i>	
105. gr., 1. mgr.	105. gr., 1. mgr.	
Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.	Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.	
105. gr., 2. mgr.	105. gr., 2. mgr.	
Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.	Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.	
105. gr., 3. mgr.	105. gr., 3. mgr.	
Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.	Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.	
106. gr.	106. gr.	
<i>Nálægðarregla.</i>	<i>Nálægðarregla.</i>	
106. gr., 1. mgr.	106. gr., 1. mgr.	
Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum.	Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru skulu vera þeyti en því að í frumvarpi þessu er það orðalag notað að á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, skulu vera þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið „undir staðbundinni stjórn þeirra“ en ekki „í héraði“ eins og stjórnlagaráð lagði til.	
107. gr.	107. gr.	
<i>Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði.</i>	<i>Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði.</i>	
107. gr., 1. mgr.	107. gr., 1. mgr.	
Sveitarfélögum er stjórnnað af sveitarstjórnnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.	Sveitarfélögum er stjórnnað af sveitarstjórnnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.	
107. gr., 2. mgr.	107. gr., 2. mgr.	
Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.	Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.	
108. gr.	108. gr.	
<i>Samráðsskylda.</i>	<i>Samráðsskylda.</i>	
108. gr., 1. mgr.	108. gr., 1. mgr.	
Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga.	Við undirbúning laga sem með beinum hætti varða málefni sveitarfélaga skal hafa samráð við sveitarstjórnir og samtök þeirra. Markmið orðalagsbreytingarinnar er að gera gildissvið ákvæðisins skýrara.	
VIII. KAFLI Utanríkismál.	VIII. KAFLI Utanríkismál.	
109. gr.	109. gr.	
<i>Meðferð utanríkismála.</i>	<i>Meðferð utanríkismála.</i>	
109. gr., 1. mgr.	109. gr., 1. mgr.	
Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis.	Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis.	
109. gr., 2. mgr.	109. gr., 2. mgr.	
Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.	Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.	
109. gr., 3. mgr.	109. gr., 3. mgr.	
Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis.	Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis.	

110. gr.		110. gr.	
<i>Þjóðréttarsamningar.</i>		<i>Þjóðréttarsamningar.</i>	
110. gr., 1. mgr.		110. gr., 1. mgr.	
Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til.	Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til.		
111. gr.		111. gr.	
<i>Framsál ríkisvalds.</i>		<i>Framsál ríkisvalds.</i>	
111. gr., 1. mgr.		111. gr., 1. mgr.	
Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft.	Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft.		
111. gr., 2. mgr.		111. gr., 2. mgr.	
Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.	Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst er falið. Feli lög in í sér verulegt valdframsál skulu þau borin undir atkvæði allra kosningarbærna manna til samþykktar eða synjunar.	Greinarmunur á meðferð samninga eftir umfangi valdframsals endurspeglast ... ekki í texta 111. gr. eins og hann kom frá stjórnlagaráði. Til að þessi ætlan stjórnlagaráðs gangi eftir í frumvarpinu er í 2. mgr. 111. gr. lagt til að eingöngu samningar er fela í sér verulegt valdframsál verði bornir undir þjóðaratkvæði.	Í 111. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild Alþingis til að framselja ríkisvald til alþjóðlegra stofnana. Gert er ráð fyrir að slíkt framsal geti átt sér stað án þjóðaratkvæðagreiðslu enda teljist það ekki verulegt. Hópurinn telur rétt að skoðað verði hvort rétt sé að bætt verði við ákvæði sem heimili aukid framsal (sem ekki telst óverulegt) í tilteknum tilvikum með auknum meirihluta á Alþingi í stað þjóðaratkvæðagreiðslu, sér í lagi þegar um er ræða breytingar eða þróun á alþjóðlegu samstarfi sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um með þjóðaratkvæðagreiðslu. Má í þessu sambandi benda á að á grundvelli þegar gildandi alþjóðasamninga, sér í lagi EES-samningsins, hafa komið upp tilvik þar sem fullveldisframsal rúmast að mati sérfræðinga ekki innan núgildandi stjórnarskrár (t.d. eftirlitskerfi á fjármálamarkaði). Ætla má að í slíkum afmörkuðum tilvikum væri æskilegt að geta samþykkt framsal án þess að ákvörðun um það fari í þjóðaratkvæðagreiðslu í hvert og eitt sinn.
111. gr., 3. mgr.		111. gr., 3. mgr.	
Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi.			
112. gr.		112. gr.	
<i>Skýldur samkvæmt alþjóðlegum samningum.</i>		<i>Skýldur samkvæmt alþjóðlegum samningum.</i>	
112. gr., 1. mgr.		112. gr., 1. mgr.	
Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.	Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.		
112. gr., 2. mgr.		112. gr., 2. mgr.	
Alþingi er heimilt að lögfasta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá fram almennum lögum.	Alþingi er heimilt að þegar Alþingi hefur lögfasta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá fram almennum lögum.		

IX. KAFLI Lokaákvæði.	IX. KAFLI Lokaákvæði.		
113. gr.	113. gr.		
<i>Stjórnarskrárbreytingar.</i>	<i>Stjórnarskrárbreytingar.</i>		
113. gr., 1. mgr.	113. gr., 1. mgr.		
Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.	Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Sé frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal það staðfest af forseta Íslands innan tveggja vikna og telst þá gild stjórnskipunarlög.	Skýring finnst ekki.	
113. gr., 2. mgr.	113. gr., 2. mgr.		
Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður.	Samþykki Alþingi frumvarp til breytingar á ákvæði í II. kafla stjórnarskrárinnar skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki Alþingi frumvarpið óbreytt skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með þeim hætti sem greinir í 1. mgr. Sé frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal það staðfest af forseta Íslands innan tveggja vikna og telst þá gild stjórnskipunarlög.	Vísad til fundar stjórnlagaráðs í mars 2012 um brottfall 5/6-ákæðisins. Sú breyting er gerð á tillögu stjórnlagaráðs að þegar um er að ræða breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar verður áfram gert ráð fyrir staðfestingu tveggja þinga á breytingunum líkt og gert er í 79. gr. núgildandi stjórnarskrár.	Á grundvelli sjónarmiða sem rakin eru í skýringum við frumvarpið er lögð til sú breyting að rjúfa þurfi þing áður en kemur til breytingar á II. kafla frumvarpsins. Hópurinn telur að svipuð sjónarmið gildi um aðra kafla stjórnarskrárinnar þótt vissulega sé þörfin á vandaðri málsmeðferð og yfirvegun sérstaklega brýn þegar mannréttindi eiga í hlut.
114. gr.	114. gr.		
<i>Gildistaka</i>	<i>Gildistaka</i>		
114. gr., 1. mgr.	114. gr., 1. mgr.		
Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.	Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.		
114. gr., 2. mgr.	114. gr., 2. mgr.		
Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.	Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.		

Ákvæði til bráðabirgða.	Ákvæði til bráðabirgða.
1. mgr.	1. mgr.
Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi.	Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi.
2. mgr.	2. mgr.
Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.	
	2. mgr.
	Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. er heimilt að halda alþingiskosningar á grundvelli gildandi kosningalaga í allt að tvö ár frá gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara.
	Í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins segir efnislega að heimilt sé að halda alþingiskosningar á grundvelli gildandi laga í allt að tvö ár frá gildistöku nýrrar stjórnarskrár. Er nauðsynlegt að hafa slíkt svigrúm ef til þess kæmi að þing yrði rofið fljótlega eftir gildistöku stjórnarskrárinnar og ekki hefði náðst að setja ný kosningalög í millitíðinni.
	Hópurinn leggur áherslu á að skoða þarf gaumgæfilega hvaða lagabreytingar eru nauðsynlegar til að fullnægja þeim kröfum sem ný stjórnarskrá kann að gera verði frumvarpið samþykkt. Þá þarf að meta hvort unnt verði að koma breytingunum til framkvæmdar þá þegar og ný stjórnarskrá yrði samþykkt eða hvort þörf sé á bráðabirgðaákvæðum um aðlögunartíma varðandi tiltekin atriði.
	3. mgr.
	Veita má þeim dómara sem situr í embætti við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara lausn frá embætti, er hann hefur náð 65 ára aldri. Sé dómara við Hæstarétt Íslands veitt lausn samkvæmt ákvæði þessu skal hann þó eigi missa neins í af launum sínum.
	Í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er vikið að réttarstöðu þeirra dómara sem sitja í embætti við lögfestingu frumvarps þessa. Með ákvæðinu er tryggt að þau réttindi sem þeim eru tryggð með 61. gr. núgildandi stjórnarskrár skerðist ekki þótt almennum reglum um starfslok og eftirlaunaréttindi hæstaréttardómara sé ætlað að gilda framvegis, sbr. 102. gr. frumvarpsins.
	4. mgr.
	Upphafstímamark vegna ákvæða 2. másl. 79. gr. og 3. mgr. 86. gr. skal miða við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara.
	Í 4. mgr. bráðabirgðaákvæðisins er skýrt kveðið á um að takmörkun á fjölda kjörtímabíla forseta annars vegar og árafjölda í embætti ráðherra hins vegar sé ekki afturvirk.